

Bæjarráð Kópavogs  
Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri

## Minnisblað

### Hjúkrunarrými fyrir einstaklinga yngri en 67 ára

20.5.2021

Vísað er til bókunar bæjarstjórnar Kópavogs þann 24.11.2020, bókunar velferðarráðs þann 12.4.2021 og bæjarráðs þann 15.4.2021 en þar segir; „Bæjarráð tekur undir minnisblað sviðsstjóra varðandi mikla þörf fyrir hjúkrunarrými fyrir einstaklinga yngri en 67 ára með umfangsmiklar þjónustufarir vegna færniskerðingar sem stafa af veikindum eða slysum“.

Undirritaður hefur, ásamt Ásthildi Helgadóttur sviðsstjóra umhverfissviðs og Önnu Klöru Georgsdóttur deildarstjóra þjónustudeildar aldraðra, átt tvo fundi með ftr. heilbrigðisráðuneytisins; Guðlaugu Einarsdóttur og Guðrúnu Fanneyju Sigurðardóttur, dags. 30.3. og 14.4.2021 um aðkomu ráðuneytisins að undirbúningi þess að stofna til sértækra hjúkrunarrýma/íbúða fyrir einstaklinga yngri en 67 ára í Boðáþingi, samfara fyrirhugaðri fjölgun hjúkrunarrýma þar. Jafnframt átti undirritaður, ásamt ftr. bæjarins, fundi með Tryggva Þórhallssyni lögfræðingi hjá Sambandinu þann 14.5. og 17.5. Þann 19.5. sl. áttu ftr. bæjarins ásamt Tryggva Þórhallssyni fund með heilbrigðisráðherra og hans fólki um þetta efni. Fyrir fundinn lá minnisblað undirritaðs sem sent hafði verið ráðuneytinu þar sem raktir voru mismunandi möguleikar á útfærslu. Fundurinn var afar jákvæður og fram kom vilji ráðuneytisins til aðgerða sem nauðsynlegar eru til að koma til móts við sérstakar þarfir yngra fólks sem þarf á umfangsmikilli þjónustu vegna færniskerðingar að halda og þá sem reynsluverkefni til að byrja með. Hins vegar er ljóst að hér er um nýbreytni að ræða og mörg ljón í veginum vegna mikils flækjustigs laga og reglugerða, auk þess sem vinna þarf að samningagerð sveitarfélaga þannig að hlutverk þeirra í milli og greiðslur hvað þetta fyrirkomulag varðar fari ekki á milli mála. Heilbrigðisráðherra fól sérfræðingi ráðuneytisins að hafa forgöngu um að mynda starfshóp, með m.a. ftr. Kópavogsbæjar og sambandinu til að vinna að nauðsynlegum breytingum á núverandi regluverki og öðrum þáttum sem nauðsynlega þarf að breyta til að koma jafn umfangsmiklu verkefni á laggirnar eins og hér um ræðir. Ber að fagna því og jafnframt áhuga ráðherrans á þessu máli.

Ljóst er að slík vinna, sem er nauðsynlegur aðdragandi að þessu verkefni, tekur tíma og gæta þarf þess að stofnað sé til þjónustu sem félagsleg og fjárhagsleg sátt er um. Ftr. fundarins voru því einhuga um að sú vinna mætti ekki tefja fyrir uppbyggingu í Boðáþingi.

Það er mat undirritaðs að fagna beri þeim árangri að ráðuneytið muni nú setja af stað vinnu til að koma slíku úrræði á laggirnar, en telur að ekki sé raunhæft að slíkt úrræði verði til í Boðáþingi af framangreindum ástæðum.

Með kveðju,

Aðalsteinn Sigfússon  
sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogs